

Ungmennaráð Akranes - Bæjarstjórnarfundur

Bæjarstjóri, bæjarfulltrúar og aðrir sem hlýða á, ég heiti Ingibjörg Svava og ég kem hingað í dag sem fulltrúi ungena innan Íþróttabandalagsins ÍA.

Ég, eins og við flest í ungmennaráðinu vorum á ungmennþinginu sem haldið var í Þorpinu á haustönn 2021. Þingið gekk mjög vel og margt kom þar fram.

Eitt af því sem rætt var um á málþinginu var líkamsræktarstöðin við Jaðarsbakka á Akranesi. Mig langar að ræða hana í takt við heilsueflingu ungmenna og framtíðarhorfur líkamsræktaraðstöðu almennings á Akranesi.

Í dag er íþróttamiðstöðin opin frá 06:00 – 21:00 alla virka daga og frá 09:00 – 18:00 um helgar. Ungu fólkið hafði sínar skoðanir og hugmyndir á þessu máli og lögðu þau til að opnunartímar yrðu lengdir bæði um virka daga og helgar. Það myndi líka henta einhverjum betur að geta farið seinna um kvöldið annað hvort í sund eða í líkamsræktina.

En hvað gerir ræktin fyrir fólk almennt? Ræktin er staður þar sem fólk kemur til að fara á æfingar í sinni íþrótt, mæta í hóptíma, einkaþjálfun eða sjálfstætt til þess að rækta sjálft sig, bæði líkama og sál. En því miður er hægt að bæta mikið þar til þess að þetta sé vellíðandi staður fyrir fólk að koma til að rækta sig.

Og til að tala aðeins meira um líkamsræktina þá má nefna að það eru um 7500 manns í þessu samfélagi okkar og eins og staðan er núna þá eru aðeins 2 bekkpressurekkar og 2 beygjurekkar, 2 þessara rekka þ.a.s. 1 bekkpressurekki og 1 beygjurekki eru í sal sem eru mest megnis notaðir af fólki sem er á íþróttæfingum, þannig að í rauninni eru bara einn af hvorri tegund sem er almennt aðgengilegur, (í þessu covid ástandi), fyrir almenning. Sem er mjög óhagstætt fyrir íþróttæfingar, hóptíma, einkatíma og almennt fyrir fólk. Það er því aðeins hægt að nota þessa rekka mjög takmarkað og þarf oft að bíða eftir að annað fólk klári sína æfingu til þess að getað gert sína. Einnig eru þessir stillanlegu rekkar komnir á aldur sem þýðir að það getur í raun og veru verið stórhættulegt að nota þá mikið meira, sem ætti m.a. aldrei líðast og er mikil óvirðing gagnvart iðkendum að hafa ekki nógu öruggan búnað til líkamsræktar. Einnig er verið að stunda hópatíma hjá einkaþjálfara og þá er oft alveg ómögulegt að vera inn í tækjasal ef þú ert ekki í tímanum sem er mjög slæmt fyrir alla aðila.

Það sem ekki má gleyma er að fólki finnst oft óþægilegt að vera í líkamsræktinni vegna stærðar salanna og þá vegna hversu þröngt er. Það eru einungis 2 salir af 5 sem hafa fleiri áhöld en handlóð sem er alls ekki líðandi vegna þess að fullt af stórum lyftum og æfingum sem fólk er að gera krefjast þess að hafa fleiri þyngdar og uppsetningar möguleika. Stærð salanna er nánast of lítil fyrir hópa þar sem fleiri en 10 manns eru í og er stærðin að hafa þau áhrif að erfitt er að gera æfingar sem krefjast stórar hreyfingar.

Og svo að sundlauginni, það var einnig minnst á opnunartíma hennar á ungmennahæðinni haustið 2021 og fólk vildi að opnunartímarnir yrðu lengur fram á kvöld, eða allavega aðeins lengur en til kl 18:00 um helgar. Þá hefur fólk meira svigrúm yfir daginn til þess að skella sér í sund til að njóta eða slaka á í heitupottunum eða taka smá sundsprett. Að öðru máli þá eru flísar sundlaugarbotnsins orðnar gamlar og byrjaðar að brotna, sem er mjög slæmt því að nú þegar hafa nokkrir sundmenn (m.a. ég) oftast en einu sinni skorið sig til blóðs á þessum brotnu flísum sem er alls ekki líðandi og ætti fyrir löngu að vera búið að skoða og þá reyna að laga eða bæta þessar tilteknu flísar. Svo má nefna að rennibrautin er orðin frekar lúgin og margir komu með þá tillögu að gera hana upp. Einnig langar mig að bæta inn í að stungupallar fyrir sundkeppnir eru settir upp á gömlu pallana þannig að þeir eru farnir að losna sumstaðar sem er langt frá því að vera ásættanlegt fyrir keppnisfólk sem er að keppa þar.

En nú þegar ÍA er ekki lengur rekstraraðili líkamsræktarinnar þá langar mig að kanna hverjar framtíðarhorfur eru fyrir líkamsræktina hér á Akranesi?

En svo að lokum þá vona ég bara að fyrir heilsueflingu ungmenna og almennings hér á Akranesi að líkamsræktin verði bætt til hins betra og sömuleiðis að sundlaugin verði allavegana opin til 22:00 og engar brotnar flísar skeri fleiri sundmenn og annað fólk í sundi.

Takk fyrir mig